

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015,
Snæfellsvegur um Fróðárheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. júní 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í breyttu vegstæði fyrir enduruppbyggingu vegar um norðanverða Fróðárheiði ásamt vegtengingum. Gert er ráð fyrir reiðleið, nýju efnistökusvæði og gömul þjóðleið er færð inn á skipulagsuppdráttinn. Mörk svæðis á náttúruminjaskrá felld að fyrirhuguðu vegstæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. júní 2011.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. júlí 2011